

# Re: Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar - Íbúðarbyggð að Vogum 1

Búið til	15.6.2023 09:09:16
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	15.6.2023 09:09:13
Tilheyrir	202306-0021 - Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar - Íbúðarbyggð að Vogum 1

## Efni

Re: Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar - Íbúðarbyggð að Vogum 1

## Upplýsingar

## Vinnsla

Sent	15.6.2023 09:09:13	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

## Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	atli@thingeyjarsveit.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

## Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202306-0021.

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar, dags. 13. júní 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og deiliskipulags Voga 1 vegna áforma um að breyta skilgreindri frístundabyggð í íbúðarbyggð.

Þakkað er fyrir tækifærið til að veita umsögn eftir skilgreindan umsagnartíma.

Um er að ræða svæði sem í dag er óbyggt að stórum hluta. Í gildandi deiliskipulagi eru heimildir fyrir uppbyggingu á sex frístundalóðum en ekki hefur verið byggt á nærri því öllum enn. Breytingin felur í sér að lóðunum verður fjölgað í átta og verða íbúðarlóðir með heimildum fyrir tvöfalt Meira byggingarmagni á lóð.

Ljóst er að tillagan felur í sér umtalsverða breytingu á svæðinu og mikla aukningu á byggingum sem og vegagerð. Sú uppbygging mun valda töluverðu raski á hrauni sem fellur undir sérstaka verndun skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Það hraun er einnig að stærstum hluta kjarri vaxið og um er að ræða birkiskóg sem fellur undir skógarvistir sem Náttúrufræðistofnun hefur metið með hátt verndargildi. Þá er uppbyggingin nálægt verndarsvæði Mývatns og Laxár þó hún sé ekki innan þess.

Náttúrufræðistofnun telur óheppilegt að stefnt sé að svo miklu raski á umhverfi og náttúru með hátt verndargildi sem þegar hefur verið gengið á umtalsvert, auk þess sem aukin og dreifðari þéttbýlismyndun í jaðri verndarsvæðis Mývatns og Laxár getur valdið meiri álag á viðkvæma náttúru verndarsvæðisins m.a. vegna aukinnar umferðar, fráveitu o.fl.

Afar mikilvægt er að við skipulagsvinnunna sé lagt greinargott mat á umhverfisáhrif og horft til nauðsynlegra mótvægisáðgerða. Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Atli Steinn Sveinbjörnsson" <atli@thingeyjarsveit.is>  
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurðsson@ni.is>  
**CC:**  
**Subject:** Breyting á Aðalskipulagi Pingeyjarsveitar - Íbúðarbyggð að Vogum 1  
**Date:** 13.6.2023 13:02:36

Góðan dag,

Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar hefur afgreitt til umsagnar skipulagslýsingu vegna áforma um að skilgreindri frístundabyggð verði breytt í íbúðarbyggð.

Kynningarferlið hefur farið fram í gegnum nýja skipulagsgátt, sjá hér (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fskipulagsgatt.is%2Fissues%2F122&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cfc30833d251b445067cf08db6c0e73ed%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638222581560488533%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6I1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=IT7j1p6jTMR2wfwzZirw1qjRL2kGsvDkCkfyJtuEAi0%3D&reserved=0>).

Náttúrufræðistofnun var ekki í boði sem tilgreindur umsagnaraðili á gáttinni og því misfórst að senda út beiðni um umsögn á Náttúrufræðistofnun.

Uppgefinn umsagnafrestur er til 16. júní en mögulegt er að veita frest til 19. júní.

Bestu kveðjur,

**Atli Steinn Sveinbjörnsson**

Skipulagsfulltrúi

Pingeyjarsveit

Sími/Tel. (+354) 512 1808

[atli@thingeyjarsveit.is](mailto:atli@thingeyjarsveit.is) (<mailto:atli@thingeyjarsveit.is>)

Meðferð tölvupósts - Disclaimer (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.skutustadahreppur.is%2Fv%2F19465&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cfc30833d251b445067cf08db6c0e73ed%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638222581560644754%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6I1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=yHWYbGbS%2FDHO%2B%2BoXInQM1360jKX3usrw2x0VAtDFTLQ%3D&reserved=0>)

Meðferð tölvupósts - Disclaimer (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.skutustadahreppur.is%2Fv%2F19465&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cfc30833d251b445067cf08db6c0e73ed%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638222581560644754%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6I1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=yHWYbGbS%2FDHO%2B%2BoXInQM1360jKX3usrw2x0VAtDFTLQ%3D&reserved=0>)